



4. fundur Epsilondeildar DKG haldinn laugardaginn 14. janúar 2023 á heimili Elinborgar að lðu í Bláskógabyggð.

1. Guðríður formaður Epsilon-deildar bauð systur velkomnar, setti fundinn og þakkaði Elinborgu fyrir að bjóða okkur heim. Guðríður kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og bað Margréti varaformann að rita fundargerð í fjarveru Guðrúnar Sigríks ritara.
2. Guðríður bað Margréti að gera nafnakall en 17 félagskonur af 27 voru mættar á fundinn. Einnig bað hún Margréti að lesa fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.
3. Guðríður sagði frá dagsetningu næsta fundar en hann verður 9. mars að Sólheimum í Grímsnesi. Við vonumst til að geta fengið kynningu á starfseminni þar, kíkt í búðina og á kaffihúsið.
4. Stjórnin hefur rætt fyrirkomulag tilnefninga nýrra félaga en nánari útskýringar á fyrirkomulagi mun berast félagskonum eftir helgi. Nýjum félögum bjóðum við á fundinn 9. mars nk.
5. Guðríður minnti á Landsambandsþingið 13.-14. maí og hvatti félagskonur til að fjölmenna. Komu fram margar hugmyndir um dagskrá, skipulagningu og tónlistaratriði og rifjað upp hvað við höfum boðið fram á fyrri landsþingum. Erna, Vera og Ingibjörg Ingad. eru í nefnd sem mun halda utan um þetta.
6. Guðríður minnti á rafræna evrópska málstofu DKG sem verður haldin 27. jan í gegnum Zoom.
7. Stjórnarskipti verða á landssambandsþingi en óskað hefur verið eftir konum sem hafa áhuga á að fara í landsambandsstjórn, uppstillingarnefnd og endurskoðunarnefnd. Tilnefningar þurfa að berast fyrir 20.janúar.

Formlegum fundi var svo slitið og slökkt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Þá hófst óformlegur bókafundur þar sem hver og ein sagði frá áhugaverðri bók sem hún hefur lesið

- Sigríður Guttorms – **Hamingja þessa heims** eftir Sigríði Hagalín.
- Margrét Pálína – **Spítalastelpan: hvernisdagshetjan Vinsý** eftir Sigmund Erni Rúnarsson.
- Guðrún Þóranna – **Myndir og minningar af Ströndum** Ritstjórar Dagrún Ósk Jónsdóttir, Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson.
- Sigríður Guðna – **Veran í moldinni: Hugarheimur matarfíkils í leit að bata** eftir Láru Kristínu Pedersen.
- Erna – **Játning** eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Einnig mælti hún með ljóðabókunum **1900 og eitthvað**, **Glerflísakliður** og **Kona spendýr** eftir Ragnheiði Lárusdóttur.

- Bolette - **Takk fyrir komuna** eftir ýmsa höfunda (meistaraneima í ritlist).
- Vera – **Reykjavík- glæpasaga** eftir Ragnar Jónsson og Katrínu Jakobsdóttur.
- Guðríður Aadnegard – **Allt hold er hey** eftir Þorgrím Þráinsson. **Indjáninn** eftir Jón Gnarr. **Sterk** eftir Margréti Tryggvadóttir.
- Rósa Marta –**Útsýni** eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.
- Eydís Katla – **Líkkistusmiðirnir** eftir Morgan Larsson. **Á sporbaug: nýyrði Jónasar Hallgrímssonar** eftir Önnu Sigríði Þráinsdóttur og Elínu Elísabetu Einarsdóttur.
- Guðríður Egils - **Saknaðarilmur** og **Aprílsólarkuldi** eftir Elísabetu Jakobsdóttur.
- Björg – **Eden** eftir Auði Övu Ólafsdóttur.
- Guðlaug – sagði frá skrifum móður sinnar sem hún hefur verið að lesa undanfarið og hvernig hún skrifaði sig í gegnum einsemd og um tilfinningar, ljóð ofl. Annars mælti hún með bókunum **Ungfrú Ísland** eftir Auði Övu Ólafsdóttur og **Sjö systur** eftir Lucinda Riley.
- Ester – **Íslandsferð Idu Pfeiffer 1845** sem Guðmundur J. Guðmundsson þýddi.
- Elinborg - **Gratiana** og **Hansdætur** eftir Benný Sif Ísleifsdóttir.
- Margrét – **Kynþáttafordómar í stuttu máli** eftir Kristínu Loftsdóttur.

Samveran á fundinum okkar var nærandi, bæði fyrir sál og líkama. Epsilon-systur gæddu sér á dýrindis kræsingum sem þær höfðu komið með á sameiginlegt hlaðborð. Við þökkum Elinborgu fyrir yndislegar móttökur á fallegum og notalegum stað á þessum sólríka vetrardegi í sveitarkyrrðinni.

Fundargerð ritaði Margrét Guðmundsdóttir varaformaður í fjarveru ritara.